

Við útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal annars vegar miða við vísitölu frá 1. janúar 1979 eða frá 1. janúar næsta árs eftir stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma, en hins vegar við vísitölu 1. janúar þess árs sem útgáfa jöfnunarhlutabréfa er ákveðin.

Reykjavík, 2. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra, um breytingu á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Ríkisskattstjóri hefur reiknað breytingar á grunnfjárhæðum í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt sem taka eiga breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert. Byggingarvísitala janúarmánaðar 1997 er 218,0 stig:

- A. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
Í stað 100.000 kr. komi 212.900 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 200.600 kr.
- B. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum og 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.
Í stað 3.000 kr. komi 6.400 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 6.030 kr.
- C. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.
Í stað 350.000 kr. komi 745.100 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 702.400 kr.
- D. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum.
Í stað 400.000 kr. komi 851.600 kr.
Frá 1. janúar 1996 var þessi fjárhæð 802.800 kr.

Auglýsing þessi sem sett er með vísan til 45. gr. laga nr. 50/1988 gildir frá og með 1. janúar 1997. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 15 frá 9. janúar 1996.

Reykjavík, 3. janúar 1997.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.